

Nr. 147/ 11 Bjartur NK 121***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1278
Smíðaður: Niigata, Japan 1973, stál
Stærð: 461 brl. 658 brt.
Mesta lengd: 47,20 m Skráð lengd: 42,24m
Breidd: 9,5m dýpt: 6,5m
Vél: MaK 1472 kW
Fjöldi skipverja: 15



Bjartur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Dagbók skipsins
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Atvikalýsing:

Þann 5. desember 2011 var Bjartur NK 121 á togveiðum í Litladýpi á SA miðum. Veður: NV 18-23 m/s. og ölduhæð 6-7 m.

Skipverjar voru að taka trollið og voru tveir þeirra að setja gilsstroffuna fyrir fyrstu færnu. Belgurinn lá yfir til bakborða vegna legu skipsins og var beygt til stjórnborða til að fá hann fyrir miðja rennuna. Slóst belgurinn yfir til stjórnborða með þeim afleiðingum að annar skipverjinn varð á milli belgsins og lunningar í rennu á þilfarinu.

Siglt var til hafnar á Neskaupsstað og við lækni skoðun reyndist skipverjinn óbrotinn en mikið marinn á hné og læri.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar byrjað var að taka trollið brotnaði öxull í keflinu á skutrennulokunni og var trolltakan því stöðvuð á meðan rúllukeflið var fjarlæggt af skutrennulokunni. Á meðan þessi vinna stóð yfir var skipinu siglt á hægri ferð með vind á hlið og trollið lá þá yfir í bakborðssíðu;
- að eftir að keflið hafði verið fjarlæggt var haldið áfram að taka trollið og skipinu þá snúið meira upp í til að fá belginn fyrir miðja rennu þar sem verið var að setja færur á belginn;

- að skipverjarnir tveir voru inni á trollþilfarinu til að slá stroffum á belginn fyrir fyrstu færðu. Þeir stóðu báðir stjórnborðsmegin við belginn þegar skipinu var beygt;
- að sögn stjórnanda voru mennirnir á trollþilfarinu varaðir við því að belgurinn færi til stjórnborða og sagt að forða sér bæði í gegnum samskiptakerfið og með bendingum. Skipverjinn sem aftar stóð á þilfarinu brást þegar við og forðaði sér en hinn brást ekki við þó það liðu 10 – 15 sekúndur og skipverji í þilfarsganginum benti honum einnig að forða sér;
- að sögn slasaða eru samskiptabúnaður í hjálmum skipverja á þilfari og hann hafi heyrt aðvörum úr brúnni að passa sig en ekki haft tíma til að forða sér frá belgnum áður en hann fékk hann á sig.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að skipverjinn meðtók of seint fyrirmæli um að forða sér og að stjórnandinn tryggði ekki öryggi hans áður en hann beygði skipinu.